



RLS



Ríkislögreglustjóri	
Innk.	11. DES. 2024
Máler.	
Bráði.	

Samstarfssamningur ríkislögreglustjóra og Unicef á Íslandi vegna innleiðingar á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnvænnar nálgunar í störfum lögreglu

1. gr. Markmið

Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu fullgildir einstaklingar sem eigi sér sjálfstæð réttindi. Fjórar greinar sáttmálans hafa verið skilgreindar sem grundvallarreglur en þar eru 2., 3., 6. og 12. gr. Þar er kveðið á um bann við mismunun barna, um að hagsmunir barna skuli ávallt vera í fyrirrúmi við alla ákvarðanatöku eða ráðstafanir sem varða börn, um rétt barns til lífs, afkomu og þroska, um rétt barns til að tjá sig og um skyldu aðildarríkja til að taka réttmætt tillit til skoðana barns eftir aldri þess og þroska.

Markmið þessa samnings er að setja upp ramma utan um samstarf embættis ríkislögreglustjóra (kt. 530697-2079) og Unicef á Íslandi (kt. 481203-2950) um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnvæna nálgun í störfum lögreglu. Ríkislögreglustjóri leggur áherslu á að í störfum lögreglu séu réttindi barna virt og velferð þeirra höfð að leiðarljósi. Í þeim tilgangi er þessi samningur gerður.

2. gr. Hlutverk og framkvæmd

Innleiðingin verður undirbúin í eftirfarandi skrefum;

a. Gert verður stöðumat á;

- öllum snertiflötum, og mögulegum skorti á snertiflötum lögreglu við börn
- þeim gögnum sem lögregla safnar eða ætti ef til vill að safna um börn og málefni barna
- þjálfun starfsfólks lögreglu og fræðslu um réttindi barna
- aðstæðum barna í þjónustu á vegum ríkislögreglustjóra

Starfsfólk ríkislögreglustjóra mun sjá um útfærslu og mat á því hvar snertifletir embættisins eru við börn og um gagnasöfnun, úrvinnslu og þarfagreiningu. Starfsfólk Unicef er ráðgefandi varðandi það hvaða upplýsingum skuli safnað og hvernig leggja skuli mat á þær.

Unicef skuldbindur sig til að koma að gerð stöðumats með ofangreindum hætti í **samtals 12 klukkustundir**

b. Á grundvelli stöðumats verða gerðar **verklagsreglur** um nálgun lögreglu í málum þar sem börn koma við sögu hvort sem þau eru tilkomin vegna afbrota, forvarna eða annarra þátta. Verða verklagsreglurnar byggðar á útkomu stöðumats.

c. Gerð verður áætlun um það hvernig tryggja megi réttindi barna í **viðbragðsáætlunum** Almanna- og barnamálaáætlunum með það fyrir augum að tryggja samfellda þjónustu við börn, upplýsa börn á viðeigandi hátt, veita börnum almenna fræðslu sem miðar að því að auka seigla þeirra og áfallaþol og að tryggja öryggi þeirra í viðbrögðum undir stjórn Almanna- og barnamálaáætlunanna.

d. Þá mun Unicef veita ríkislögreglustjóra ráðgjöf varðandi það að setja á stofn ungmennaráð.

Rp 561

Starfsfólk ríkislögreglustjóra mun sjá um þarfagreiningu og greiningu á stöðumati, gerð verklagsreglna og annarra áætlana. Hlutverk Unicef er ráðgefandi en starfsfólk Unicef mun lesa, út frá réttindum barna, yfir drög að viðbragðsáætlunum og verklagsreglum og önnur skjöl sem stöðumat hugsanlega kallar á og veita ráðgjöf um það sem betur mætti fara í samtals **16 klukkustundir**.

e. **Þróun á fræðsluefni og fræðsla** fyrir lögregluna á landsvísu í samvinnu við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar. Hlutverk mennta- og starfsþróunarsetursins er m.a að annast símenntun lögreglumanna og annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, auk verknáms lögreglunema.

Fræðslan verður unnin með starfsfólki Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar undir stjórn forstöðumanns. Unicef útbýr stafrænt fræðsluefni um réttindi barna fyrir starfsfólk lögreglunnar á sem vistað verður á þekkingartorgi lögreglunnar og nýtt í fræðslu fyrir lögreglufræðinema, rannsóknarlögreglunema, o.fl. Fræðsluefnið verður eigu Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar eftir að samningstíma lýkur. Framlag Unicef verður vinna í **samtals 38 klukkustundir**.

Þá mun starfsfólk Unicef sinna kennslu um réttindi barna fyrir Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar í átta klukkustundir á ári á samningstímanum (**samtals 16 klukkustundir**). Mennta- og starfsþróunarsetri er heimilt að taka fræðsluna upp og nota í kennslu og fræðslu eftir að samningstímanum lýkur.

3. gr. Greiðslur

Greitt verður fyrir hvern verkþátt sem hér segir.

- Ráðgjöf vegna stöðumats (12 klst.) kr. 298.800.-
- Ráðgjöf vegna verklagsreglna og viðbragðsáætlunar (16 klst) kr. 398.400.-
- Þróun á fræðsluefni fyrir lögregluna (38 klst.) kr. 946.200 og kennsla fyrir MSL (8 klst. á ári samtals 16 klst.) kr. 398.400.-

Samtals kr. 2.041.800.-

Unicef á Íslandi sendir ríkislögreglustjóra reikning fyrir hvern verkþátt, að honum loknum.

4. gr. Úttekt á framkvæmd samningsins

Í janúar ár hvert á samningstímanum skulu aðilar samnings þessa fara yfir framkvæmd hans, markmið og mælikvarða á árangur. Samningsaðilar munu tilnefna sameiginlega fulltrúa vegna úttektarinnar.

5. gr. Gildistími samnings og uppsögn

Samningur þessi gildir í tvö ár frá undirritun.

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með þriggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annars brot á ákvæðum samnings þessa. Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og hefur hvor aðili um sig eitt eintak af honum.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík 10. desember 2024

Stjóri ríkislögreglustjóra *Björn Þorvarnarsótt*

JP